

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.**

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði, skulu greiða gjöld sem hér segir:

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Skráningargjald          | kr. 19.200 |
| Árgjald fyrir hundaleyfi | kr. 18.000 |

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.

2. gr.

Kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunda sé um leyfislausu hunda að ræða. Sá kostnaður greiðist með handsömunargjaldi sem er eftirfarandi:

|               |            |
|---------------|------------|
| Í fyrsta sinn | kr. 15.000 |
| Í annað sinn  | kr. 20.000 |
| Í þriðja sinn | kr. 25.000 |

Auk þess skal leyfishafi/umráðamaður hunds greiða geymslugjald vegna geymslu handsamaðs hunds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2018 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1354/2011.

*Hveragerði, 13. desember 2018.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.